



1190. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. apríl 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Anna Þóra Ísfold, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfisdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Árnadóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1189. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1189. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara

Ragnar Þór sagði að nú yrði byrjað á því að kjósa um embætti varaformanns VR, síðan um embætti ritara VR og loks yrði skipað í nefndir. Hann hefur fengið upplýsingar frá stjórnarmönnum í tölvupósti um það hvar áhugi þeirra liggur varðandi nefndaskipanina og hefur reynt að taka tillit til þess eins og kostur er í sínum tillögum.

Nú spyr hann hver gefi kost á sér í embætti varaformanns VR?

Harpa og Sigríður Lovísa gefa kost á sér í embættið og bauð Ragnar Þór þeim að kynna sínar áherslur og var varpað hlutkesti um það hver myndi byrja. Harpa tók fyrst til máls og sagði frá áherslum sínum og reynslu í félagsstarfinu og að því búnu tók Sigríður Lovísa til máls og kynnti sig sömuleiðis.

Óskað var eftir að viðhöfð yrði leynileg atkvæðagreiðsla sem var samþykkt. Þá var kosið og urðu úrslit sem hér segir:

Harpa	8 atkvæði
Sigríður Lovísa	7 atkvæði

Harpa Sævarsdóttir er því löglega kosin varaformaður VR og var kosningu hennar í embættið fagnað með lófataki.

Ragnar Þór spyr nú hver gefi kost á sér í embætti ritara VR? Aðeins Svanhildur Ólöf gaf kost á sér í embættið og er Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir því sjálfkörin til embættis ritara VR. Kjöri hennar var sömuleiðis fagnað með lófataki fundarmanna.



Þá var næst dregið um sætaskipan stjórnar.

3. Tillaga að nefndum á vegum VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Tillaga að skipun í nefndir og ráð 2019 – 2020*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram, en gerðar voru örliðlar breytingar í umræðum um hverja tillögu, þannig að lokaútfærsla var eftirfarandi:

Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR

Björn Kristjánsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Selma Árnadóttir
Sigurður Sigfússon

Varamenn:

Benedikt Vilhjálmsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR

Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamaður:

Anna Þóra Ísfold

Starfsmenntanefnd VR

Björn Kristjánsson
Friðrik Boði Ólafsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður:

Anna Þóra Ísfold

Húsnæðisnefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Helga Ingólfssdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Árnadóttir

Varamenn:
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Þorvarður B. Kjartansson

Laganefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Sigmundur Halldórsson

Launanefnd VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Dóra Magnúsdóttir
Sigurður Sigfússon

Kjaramálanefnd VR-Nefnd um félagsaðild

Arnþór Sigurðsson
Dóra Magnúsdóttir
Friðrik Boði
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður B. Kjartansson



Framkvæmdastjórn vinnudeilusjóðs VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður:
Selma Árnadóttir

Jafnréttisnefnd VR

Anna Þóra Ísfold
Bjarni Þór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamaður:
Selma Árnadóttir

Styrkjanefnd VR

Anna Þóra Ísfold
Arnþór Sigurðsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Þorvarður B. Kjartansson

Varamenn:
Björn Kristjánsson
Sigmundur Halldórsson

Framtíðarnefnd VR

Björn Kristjánsson
Friðrik Boði Ólafsson
Helga Ingólfssdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamaður
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Að loknum umræðum um ofangreindar tillögur þar Ragnar Þór tillögurnar upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

4. Kjarasamningagerð staðan – kosning um kjarasamning

Ragnar Þór sagði frá vel heppnuðum félagsfundi sem haldinn var á Hilton Nordica hóteli í síðustu viku þar sem mættu 135 félagsmenn og voru 80 að auki að fylgjast með beinu streymi frá fundinum. Mikið var spurt og mikill áhugi á málinu. Það sem brann á fólki var stytting vinnuvikunnar og við munum fara með það í sérstaka kynningarherferð með haustinu.

Kosning um kjarasamninginn hefst á morgun 11. apríl og stendur til hádegis þann 15. apríl. Kosningar um samninginn standa yfir á misjöfnum tímum hjá félögunum og hefur því komið til okkar beiðni um að öll félög hinkri og sameinist um að tilkynna úrslit fram til 24. apríl þegar síðustu kosningu í SGS lýkur. Sjálfsagt sé að verða við því.

Umræður.

Bjarni Þór kemur hér til fundar kl. 18:28

5. Breytingar á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Drög að breytingum á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR*“ dags. nóvember 2018. Þetta eru þær breytingar sem áður höfðu verið ræddar í stjórn en forsendur samþykktar voru þær að breytingar á Reglugerð Sjúkrasjóðs sem lagðar voru fyrir síðasta aðalfund yrðu samþykktar. Nú liggur það samþykki fyrir á Reglugerð og því leggur Ragnar Þór til að þessar breytingar á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR verði samþykktar. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Breytingar í **rauðu** lettri.

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

2.2 Hvert samfelldt greiðslutímabil er **210** dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

2.5 Framkvæmdastjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki, vegna sjúkdóms eða slyss, stundað fulla vinnu. Hver dagur sem greitt er fyrir hlutabætur reiknast þó sem heill dagur af þeim **210** sem félagsmaður á rétt til hverju sinni (sbr. gr. 2.2).

2.7 Sjúkradagpeningar greiðast til foreldra í allt að **210** daga vegna veikinda barna, yngri en 18 ára, enda missi félagsmaður launatekjur vegna þeirra. Greiða skal dagpeninga eftir að veikindarétti lýkur skv. kjarasamningi.

Bar Ragnar Þór nú upp ofangreindar breytingar upp til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR eru því eftirfarandi, í heild sinni, eftir þessa breytingu:

Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR

1. gr. Umboð framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR

1.1 Stjórn VR felur 5 manna framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR stjórn og eftirlit afgreiðslu fyrir Sjúkrasjóð VR, skv. 5. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðsins.

1.2 Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR skal móta starfsreglur skv. gr. 5.7 reglugerðar Sjúkrasjóðsins, eftir því sem reynsla, starfsemi og fjárhagur sjóðsins gefa tilefni til. Starfsreglur sjóðsins skulu staðfestar af stjórn VR.

1.3 Framkvæmdastjórn skal fela skrifstofu VR almenna umsjón og daglega afgreiðslu mála.

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

2.1 Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkra- eða slysadagpeninga ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafa fallið niður. Veikindaréttur hjá atvinnurekanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. Þó er heimilt að greiða sjúkradagpeninga þeim sem fara í áfengis- eða vímuefnaferð, án þess að þeir hafi klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda. Sjálfstætt starfandi í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir launamenn og þurfa einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr Sjúkrasjóði VR. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. Ekki er heimilt að greiða sjúkradagpeninga samhliða námi sem hefst eftir að bótatímabil er hafið.



Sjúkradagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir Sjúkrasjóður VR ekki slysadagpeninga sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi.

2.2 Hvert samfellt greiðslutímabil er 210 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

2.3 Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga vegna veikinda á meðgöngu, enda komi ekki dagpeningagreiðsla fyrir sama tímabil frá öðrum aðilum. Eigi félagsmaður rétt á framlengdu fæðingarorlofi hjá Fæðingarorlofssjóði á hann ekki rétt á sjúkradagpeningum úr sjúkrasjóðnum á sama tíma.

2.4 Dagpeningar eru ekki greiddir eigi félagsmaður rétt á örorkulífeyri

2.5 Framkvæmdastjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki, vegna sjúkdóms eða slyss, stundað fulla vinnu. Hver dagur sem greitt er fyrir hlutabætur reiknast þó sem heill dagur af þeim 210 sem félagsmaður á rétt til hverju sinni (sbr. gr. 2.2).

2.6 Greiðslur sjúkradagpeninga skulu miðast við meðallaun bótaþega, miðað við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR, síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður sbr. 10. gr. í reglugerð Sjúkrasjóðs VR. Í reglugerð kemur fram að ef verulegar breytingar hafa orðið á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjurnar sérstaklega og þá yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra en 12 mánuði. Er þar aðallega átt við þegar félagsmaður lækkar verulega í launum vegna veikinda sinna, getur t.d. ekki unnið reglubundna yfirvinnu sem áður var hluti af launakjörum eða að vinnuhlutfall hefur lækkað vegna heilsubrestra.

Meðallaun þeirra sem greitt hafa skemur en 6 mánuði til Sjúkrasjóðs VR reiknast skv. eftirfarandi:

Meðallaun þeirra, sem öðlast hafa rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði annars verkalýðsfélags, skal finna með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með fjölda mánaða sem greitt hefur verið í Sjúkrasjóð VR.

Meðallaun þeirra sem ekki hafa átt rétt hjá sjúkrasjóði annars stéttarfélags og ekki hafa greitt til félags- og Sjúkrasjóðs VR, skal finna með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með 6 mánuðum, þó svo að greitt hafi verið skemur en 6 mánuði.

Sjúkra- og slysadagpeningar skulu vera 80% af meðallaunum enda komi ekki jafnhá eða hærrí greiðsla vegna tímabundinnar örorku samkvæmt ábyrgðartryggingu fyrir sama tímabil. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa/veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að kæra þá ákvörðun til framkvæmdastjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

2.7 Sjúkradagpeningar greiðast til foreldra í allt að 210 daga vegna veikinda barna, yngri en 18 ára, enda missi félagsmaður launatekjur vegna þeirra. Greiða skal dagpeninga eftir að veikindarétti lýkur skv. kjarasamningi.

3. gr. Dánarbætur

3.1 VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði. Dánarbætur vegna þeirra sem verið er að greiða fyrir til Sjúkrasjóðs VR við dauðsfall eru:

1. Ef hinn látni var giftur greiðast bætur til maka kr. 500.000. Ef hinn látni var ógiftur greiðist kr. 500.000 til þess aðila sem staðfest er að greiðir fyrir útför.
2. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðast vegna hvers barns kr. 800.000,- til þess sem sannarlega hefur barnið á sínu framfæri.
3. Að auki greiðist upphæð sem svarar til inneignar viðkomandi í VR varasjóði.

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 67 ára aldur eða síðar hafi þeir verið fullgildir félagsmenn í samfelld 5 ár áður en þeir láta af störfum:

1. Ef hinn látni var ógiftur kr. 210.000,-
2. Ef hinn látni var giftur kr. 350.000,-
3. Bætur greiðast aðeins skv. öðrum af tölulíðunum nr. 1 eða 2.

3.3 Rétthafar dánarbóta:

1. Eftirlifandi maki.
2. Börn hins látna eða sá sem annast framfærslu barna að fullu.
3. Aðrir ef þeir bera kostnað af útför.

4. gr. Slysabætur

4.1 Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:

Bætur vegna varanlegrar örorku 10% eða meira greiðast í hlutfalli við bótafjárhæðina kr. 11.859.000 þó þannig, að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt. Rétt til bóta eiga þeir félagsmenn sem eru fullgildir og greitt hafa félagsgjald síðustu 6 mánuði fyrir slysdag.

4.2 Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga skv. 2. gr.

4.3 Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, eru:

Fjárhæð slysabóta Dánarbætur 400.000 kr. Örorkubætur vegna slyss, 100% örorka 3.610.980 kr.

4.4 Slysabætur skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir Sjúkrasjóður VR ekki slysabætur sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi.

4.5. Bætur greiðast ekki ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleysis.

5. gr. Styrkir

5.1 Framkvæmdastjórn er heimilt að meta þörf og aðstæður félagsmanna og fyrrverandi félagsmanna í sjúkra-, elli- og örorkutilvikum og getur í slíkum tilvikum samþykkt styrkveitingar.

5.2 Heimilt er að greiða styrk vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga, enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra, skv. verklagsreglum.

5.3 Heimilt er að greiða styrk, sem svarar sjúkradagpeningum samtals í allt að 120 daga, vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu áfengis eða vímuefna.

5.4 Sjúkrasjóður VR greiðir styrk til félagsmanna vegna líf-, slysa- og sjúkdómatrygginga, tannlækninga, sálfræðihjálpar, líkamsræktar, endurhæfingar og kostnað vegna hjálpartækja s.s. gleraugna- og heyrnartækja, í gegnum VR varasjóð.

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir styrki vegna glasafrjógvanga/tæknifrjógvanga og ættleiðingar, að hámarki 200. þús. kr. fyrir hvern félagsmann, eftir 6 mánaða samfellda greiðslu iðgjalda fyrir upphafsdag meðferðar sem sótt er um.

5.6 Skrifstofa VR getur afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

- a1. Ferðastyrkir félagsmanns vegna eigin veikinda, foreldra, maka eða barna yngri en 18 ára, að hámarki kr. 150.000,-
- a2. Ferðastyrkir félagsmanns vegna maka eða náskylds ættingja að hámarki kr. 150.000,-
- a3. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuðir.

5.7 Allir styrkir sem þannig eru afgreiddir hjá starfsmönnum Sjúkrasjóðs á skrifstofu VR skulu háðir samþykki sviðsstjóra og vera í samræmi við skráðar verklagsreglur.

5.8 Stjórn VR ákveður árlegt fjárframlag til styrkja komandi árs í lok hvers árs.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR hefur eftirlit með styrkveitingum úr sjóðnum.

6. gr. Samskipti sjúkrasjóða

6.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því rétt hjá fyrra félaginu. Starfsmenn Sjúkrasjóðs VR skulu eftir fremsta megni leiðbeina umsækjendum um sjúkradagpeninga um þau mögulegu réttindi er þeir kunna að eiga hjá öðrum aðilum, stofnunum og félögum.

6.2. Vinni umsækjandi á fleirum en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal hann greina frá í hvaða sjóði greitt hefur verið vegna hans. Heimilt er að fresta greiðslu bóta þar til staðfesting annarra sjóða liggur fyrir um að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóðurinn skal leita slíkrar staðfestingar og gefa öðrum sjóðum yfirlit um bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

7. gr. Önnur atriði

7.1 Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar VR, að semja um tryggingar vegna félagsmanna VR, s.s. hóplíftryggingu, frítímaslysaftryggingu, sjúkradagpeningaftryggingu, slysatryggingu barna félagsmanna o.fl.

7.2 Innheimtu tekna Sjúkrasjóðs VR annast Lífeyrissjóður verzlunarmanna skv. samkomulagi þar um.

7.3 Bætur úr Sjúkrasjóði VR greiðast mánaðarlega og skulu umsóknir berast á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu og vef VR, ásamt nauðsynlegum vottorðum fyrir 20. hvers mánaðar til að greiðsla geti borist 1. dag mánaðarins á eftir. Berist ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar skal ákvörðun um samþykki eða höfnun frestað þar til umbeðin gögn berast.

7.4 Starfsmenn Sjúkrasjóðs VR, ásamt sviðsstjóra, skulu halda vikulega fundi þar sem umsóknir eru yfirfarnar og loks greiðslulisti undirritaður og samþykktur.

7.5 Séu iðgjöld atvinnurekanda umsækjandans í Sjúkrasjóð VR í vanskilum og umsækjandi er forsvarsmaður atvinnurekanda, maki, skyldmenni eða nákominn að öðru leyti, er Sjúkrasjóði VR heimilt að hafna umsókninni.

7.6 Réttur til bóta miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til bóta með greiðslu iðgjalda aftur í tímann (sbr. 9.gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR).

7.7 Almennt skal það vera skilyrði styrkja og sjúkradagpeningagreiðsla að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til þess að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði.

7.8 Upplýsingar sem skráðar eru í kerfi Sjúkrasjóðs VR eru persónugreinanlegar upplýsingar og heyra undir lög um persónuvernd. Farið er með allar upplýsingar í kerfinu sem trúnaðarmál. Með undirskrift umsóknar um bætur veitir félagsmaður félaginu rétt til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á, s.s. upplýsingar um tekjur og tekjuskatt, og samþykkir að trúnaðarlæknar félagsins hafi aðgang að öllum læknisfræðilegum upplýsingum og geti kallað viðkomandi til viðtals.



7.9. Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

Áður en félagsmaður er sviptur bótarétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur bótarétti.

(Samþykkt í stjórn VR 24.09.79, með áorðnum breytingum 01.04.85, 28.11.85, 01.12.88, 09.03.89, 22.11.89, 09.02.94, 30.08.94, 28.12.94, 23.05.95, 20.06.95, 13.06.97, br. á gr. 2.1 og 2.7, sem gildir frá 01.07.97 og 18.02.98, br. á gr. 2.9, sem gildir frá 01.01.98.

16.04.98 samþykkti stjórn VR breytingar á flestum greinum og nýjar bættust við, þessar breytingar gilda frá 01.05.98, með áorðnum breytingum 13.04.1999 á 3. og 5. gr., sem gilda frá 01.04.99 og 07.09.99, br. á gr. 5.1, sem gildir frá 01.09.99 og 06.06.2000, br. á gr. 5.5, 5.6 og 5.7, sem gilda frá 01.05.2000 og br. á gr. 6.4, sem gildir frá 01.06.2000 og br. á gr. 2.8, 3.2, 4.1, 6.4, 6.5 og 6.6, sem gildir frá 01.04.01. Þann 13. október samþykkti stjórn VR breytingar á gr. 3.1 og 3.3. sem gilda frá þeim tíma. Þann 9. febrúar 2005 samþykkti stjórn VR breytingar á gr. 2.2., 2.7 og 5.4. Þann 13. apríl 2005 samþykkti stjórn VR nýjar greinar, gr. 7.4 og gr. 7.5 sem gilda frá og með þeim tíma. Þann 24. apríl 2006 samþykkti aðalfundur breytingar á gr. 3.1 og 5.4. Þann 9. maí 2007 samþykkti stjórn breytingar á greinum 2.1, 2.6, 4.4, 4.5, 5.5, 6, 6.1, 6.2, 6.3, 6.4, 8.3, 8.4, 8.5, 8.6, 8.7 og 8.8. Þann 10.09.2008 samþykkti stjórn breytingar á gr. 2.3, 5.3 og 8.7. Þann 8. október 2008 samþykkti stjórn breytingar á gr. 2.5 og 3.2. Stjórn samþykkti á fundi sínum þann 12. maí 2010 breytingar á 6. gr. Framkvæmdastjórn samþykkti breytingar á gr. 2.7 og 6.1 þann 4. janúar 2011. Stjórn VR samþykkti breytingar á gr. 2.5 þann 20. mars 2013, Framkvæmdastjórn samþykkti breytingar á gr. 2.1, 2.2, 2.3., 2.7 og 8.8 þann 13.08 2013 til framkvæmdar eftir aðalfund 26.03 2014.

Ákvæði til bráðabirgða Gr. 2.7, 3.1 1. og 2. tl., 4.1, 4.3, 5.5; þessar greinar taka gildi frá og með 1. júlí 2015 en þangað til gilda eldri reglur.

Framkvæmdastjórn og stjórn VR samþykkti breytingar á gr. 3.1 þann 14.12 2016 til framkvæmdar frá 01.01 2017.

Stjórn VR samþykkti breytingar á gr. 4.1 þann 7. júní, 2017

Stjórn VR samþykkti breytingar á gr. 2.2, 2.5 og 2.7 þann 10. apríl 2019).

6. Gjafabréf WOW air – óskir félagsmanna um endurgreiðslu

Stefán fór yfir málið og sagði að mikið væri spurt um ónotuð gjafabréf WOW air eða gjafabréf sem búið sé að nota til að kaupa flugferð sem síðan er ekki flogin. Við höfum selt félagsmönnum gjafabréf á 22.500 kr. sem giltu sem 30.000 kr. og höfum við keypt bréfin af WOW air fyrir 25.500 kr. og erum því að greiða 3000 kr. með hverju bréfi.

Síðustu kaup gjafabréfa WOW voru 23. janúar 2019 og síðasta bréf sem selt var félagsmanni var 27. febrúar 2019.

Á gjafabréfum kemur þó skýrt fram í skilmálum að þau séu ekki endurgreidd komi til gjaldþrots WOW air.

Formaður VR og formaður framkvæmdastjórnar orlofssjóðs hafa rætt málið og er það þeirra mat að við eigum að koma til móts við félagsmenn. Þetta hafi einnig verið til umræðu í stjórn í fyrra þegar illa gekk í rekstri WOW air og blikur voru á lofti. Áætlað er að þessi aðgerð muni kosta orlofssjóð um 5,4 milljónir kr.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu sína að farið yrði í það að endurgreiða félagsmönnum VR ónotuð gjafabréf WOW air að gefnum skilyrðum um skil gagna sem yrðu útfærðar af skrifstofu.

Samþykkt með 13 atkvæðum, enginn á móti en Ingibjörg Ósk og Svanhildur Ólöf sitja hjá og óska eftir að það sé fært til bókar.

7. Samþykktir á milli funda, aflýsing verkfalla og Starfsreglur Vinnudeilusjóðs VR

Ragnar Þór bað um að nú yrði fært til bókar samþykktir sem stjórn gerði með sér á milli funda.

Fyrst ber að nefna að stjórn samþykkti Starfsreglur Vinnudeilusjóðs VR vegna samþykks verkfalls VR í mars og apríl sbr. tölvupóst Ragnars Þórs dags. 25. mars 2019.

Hinar samþykktu starfsreglur eru eftirfarandi:

Starfsreglur Vinnudeilusjóðs VR vegna samþykks verkfalls VR í hópbifreiðafyrirtækjum á félagssvæði VR og í gistiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu í mars og apríl 2019

1. gr. Umboð framkvæmdastjórnar Vinnudeilusjóðs VR

1.1 Stjórn VR er heimilt að fela þremur mönnum framkvæmdastjórn sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins, skv. 4. gr. reglugerðar um Vinnudeilusjóð VR

1.2 Framkvæmdastjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur og aðra starfstilhögun sjóðsins, þ.á.m. hvenær í vinnudeilu skuli hefja úthlutun úr sjóðnum, upphæð styrkja og greiðslutímabil. Starfsreglur sjóðsins skulu taka mið af stærð og eðli viðkomandi vinnudeilu og einnig skal taka mið af stöðu sjóðsins hverju sinni.

1.3 Framkvæmdastjórn sjóðsins skal leggja tillögur að starfsreglum sjóðsins fyrir stjórn VR. Stjórn VR þarf að samþykkja starfsreglurnar til þess að þær öðlist gildi.

2. gr. Verkfallsstyrkur

2.1 Vinnudeilusjóður VR greiðir verkfallsstyrk ef félagsmaður verður fyrir launaskerðingu í verkfalli VR og er skuldlaus við félagið skv. 5 gr. reglugerðar sjóðsins. Félagsmenn sem halda launum í vinnudeilu eiga ekki rétt á verkfallsstyrk,



sem og þeir sem hefja störf annars staðar í samræmi við 5. gr. í reglugerðar um sjóðinn.

2.2 Greitt er ein fjárhæð pr. verkfallsdag á hvern einstakling.

2.3 Greiðsla miðast við meðaltal launa félagsmanns, miðað við greiðslur til félags sjóðs VR, síðustu 6 mánuði frá síðustu mánaðarskilum til VR.

Meðaltal launa þeirra sem greitt hafa skemur til félagsins reiknast miðað við greiðslufjölda mánaða til VR á síðustu 6 mánuðum.

Ef verulegar breytingar hafa orðið á launum viðkomandi síðustu 6 mánuði, er framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs heimilt að meta tekjurnar sérstaklega og þá yfir lengra tímabil.

2.4 Til að finna launatap hvers félagsmanns á dag skal deila með 21,67, sem eru meðalfjöldi virkra vinnudaga í mánuði, upp í meðal mánaðarlaun eins og þau eru fundin út skv. gr. 2.3.

3. gr. Útgreiðsla og tímabil

3.1 Greiðslur úr sjóðnum fara fram þrisvar, 15. apríl og 15. maí fyrir þá sem sótt hafa um styrk fyrir 5. dag viðkomandi mánaðar og lokauppgjör ef þörf er á þann 15 júní

3.2 Félagismaður sem óskar eftir styrk úr Vinnudeilusjóði skal óska eftir því á mínum síðum á heimasíðu VR og skrá eftirfarandi upplýsingar:

3.21 Skráðan bankareikning á kennitölu félagsmanns til inngreiðslu.

3.22 Netfang

3.23 Skráning daga í verkfalli

3.24 Skatthlutfall staðgreiðslu

3.25 Yfirlýsing um sannar og réttar upplýsingar

3.3 Greidd skal staðgreiðsla í samræmi við lög um staðgreiðslu en ekki koma til aðrar greiðslur vegna launatengdra gjalda.

3.4 Framkvæmdastjórn sjóðsins skal samþykkja á fundi allar greiðslur til félagsmanna frá sjóðnum áður en til greiðslu kemur.

4. gr. Ágreiningur um fjárhæð verkfallsstyrks

4.1 Sé félagismaður ósáttur með fjárhæð verkfallsstyrks getur hann gert skriflega athugasemd við framkvæmdastjórn og skal fylgja athugasemd rökstuðningur fyrir breytingu úthlutunar og leggja fram gögn til staðfestingar á rökstuðningi sínum ef við á.

4.2 Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur fyrir athugasemdir félagsmanns og afgreiðir á fundi.

5. gr. Annað

5.1 Félagismaður sem fær styrk úr Vinnudeilusjóði skal gefa sannar og réttar upplýsingar um verkfallsdaga og annað það sem sjóðurinn óskar eftir. Verði félagismaður staðinn að því að gefa rangar upplýsingar getur Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs fellt niður verkfallsstyrk til viðkomandi félagsmanns og krafist um endurgreiðslu hafi greiðsla þegar verið innt af hendi.

5.2 Áður en félagismaður er sviptur verkfallsstyrk skal gefa honum rétt til andmæla.

5.3 Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur verkfallsstyrk.

5.4 Reglur þessar gilda einvörðungu í núverandi verkfalli VR hjá hópbifreiðafyrirtækjum og í gistiþjónustu í mars og apríl 2019.

5.5 Frestur til að sækja um verkfallsstyrk er 30 dagar frá því útborgun launa hefði átt að eiga sér stað og sama gildir um athugasemdir til framkvæmdastjórnar Vinnudeilusjóðs vegna fjárhæðar verkfallstyrks skv. 4. gr.



Samþykkt á fundi í framkvæmdastjórn þann 22. mars 2019

Þá skal það einnig fært til bókar að stjórn tók þá ákvörðun milli funda að aflýsa boðuðum verkföllum hjá VR í hópþreifiðafyrirtækjum á félagssvæði VR og í gistiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu í mars og apríl 2019.

8. Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV)

Stefán lagði fram skjalið „*Tillögur – Breytingar á samþykktum LV – Febrúar 2019 – undirritað*“, dags. 27. febrúar 2019 og fór hann lauslega yfir aðalatriði málsins á slæðum. Um er að ræða mál sem áður hefur verið fjallað um og sem lá milli funda en það hafði einnig verið kynnt vel á ársfundi LV en þetta eru efnislegar breytingar vegna samnings frá því í apríl í fyrra á stjórnskipan sjóðsins þar sem koma inn nýjir þættir s.s. fulltrúaráð ofl.

Ragnar Þór bar nú þessar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 20:15
Árni Leósson, fundarritari